Nd. **48. Frumvarp**

til laga um breyting á póstlögum, nr. 5, 7. maí 1921.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. í f.-lið 11. greinar kemur ný málsgr., er svo hljóðar:

Í bæjum, þar sem póstur er borinn út, er burðargjaldið allt árið undir hvert ½ kílógramm ... ... ... ... ... ... ... ... ... .. ... 15 aurar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það virðist einsætt að taka ekki sama burðargjald fyrir blöð og tímarit innan bæjar, þar sem póstur er borinn út, eins og tekið er fyrir að flytja þessar póstsendingar út um allt land. Er alveg augljóst, að munur á burðargjaldi eftir árstíðum nær engri átt innan bæja. Þessi munur á burðargjaldi innan bæjar og út um land allt er gerður víða í sömu lögum. — Um rýrnun á tekjum póstsjóðs af þessari lagabreyting er ekki að ræða, því að núverandi burðargjald hefir nálega alveg útilokað það, að póstur sé látinn bera út blöð og tímarit í bæjum. Hér myndi því hefjast að mestu leyti ný starfsemi. Burðargjaldið er miðað við það, sem venjulega mun tekið hér fyrir að bera út tímarit, og ætti þó póstur að geta gert þetta fyrir minna verð en aðrir og því heldur hagnast á þessu.